

## Orlofsferð 6-10 október 2017

Orlofsferð Vestfiskra kvenna 2017 var farin til Búdapest dagana 6-10 okt 2017.

26 konur fóru í ferðina og komu þær frá Súðavík , Ísafirði , Suðureyri , Þingeyri , Bíldudal og Patreksfirði . Gist var á Hótel Museum, mjög gott hótél sem er einstaklega vel staðsett m.t.t. alls þess helsta sem ferðamenn eru á höttunum eftir.

4 skoðunarferðir voru í boði og voru þær allar mjög vel sóttar :

- 1) Gönguferð um miðborg Búdapest.
- 2) Ekið um borgina með viðdvöl á völdum stöðum
- 3) Kvöldsigling á Dóná er einstök upplifun , tónlist & matur
- 4) Nú bjóðum við aftur upp á hina geysivinsælu Szentender ferð. Keyrt verður til hins undurfagra bæjar Szentendre við Dóná, þar sem farið er í stutta gönguferð og hið einstaka Marsipansafn skoðað. Í þessari ferð er boðið upp á dæmigerðan ungverskan hádegisverð, gúlassúpu, drykk og köku í eftirrétt.

Skemmtun , matur og verslun af bestu gerð og mjög gaman hjá konunum í þessari ferð.

Ferðin miðaðist við það að konur kæmu sér sjálfar til Keflavíkur en ferðin hófst þar. Fararstjóri tók á móti konum á flugvellinginum í Búdapest og þeim keyrt heim á hótél. Engin okkar úr nefndinni fór með .

Nefndin:

Þorgerður Karlsdóttir	Suðureyri
Dagný Finnbjörnsdóttir	Hnífsdal
Steinunn Guðmundsdóttir	Bolungarvík